

Endurrit úr þingbók
Kjaradóms

Rétt endurrit staðfestir

Benedikt Þórður

Arið 1984, miðvikudaginn 23. maí, var Kjaradómur settur að Rauðarárstíg 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Pétri Ingólfssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

I. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands.

Frá 1. júní 1984 skulu laun forseta Íslands vera 82.179 krónur á mánuði.

II. Að taka ákvörðun um laun dómara í Hæstarétti Íslands.

Frá 1. júní 1984 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 65.741 króna á mánuði en laun annarra hæstaréttardómara 61.426 krónur á mánuði.

III. Að taka ákvörðun um laun ríkisstjórnar Íslands.

Frá 1. júní 1984 skulu laun forsætisráðherra vera 39.560 krónur á mánuði en laun annarra ráðherra 35.195 krónur á mánuði.

IV. Að taka ákvörðun um laun ríkissaksóknara.

Frá 1. júní 1984 skulu laun ríkissaksóknara vera 61.426 krónur á mánuði.

V. Að taka ákvörðun um laun ríkissáttasemjara.

Frá 1. júní 1984 skulu laun ríkissáttasemjara vera 61.426 krónur á mánuði.

VI. Að taka ákvörðun um laun
rāðuneytisstjóra.

Frá 1. júní 1984 skulu laun rāðuneytisstjóra vera 52.888 krónur
á mánuði.

VII. Að taka ákvörðun um laun
biskups Íslands.

Frá 1. júní 1984 skulu laun biskups Íslands vera 57.692 krónur
á mánuði.

VIII. Að endurskoða ákvörðun um þing-
fararkaup og kostnað alþingismanna.

1. Þingfararkaup verði 41.079 krónur á mánuði frá 1. júní 1984.
2. Húsnæðiskostnaður verði 8.100 krónur á mánuði frá 1. júní 1984.
3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 300 krónur á dag frá 1. júní 1984.
4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 50.900 krónur frá 1. júní 1984 miðað við ársgreiðslu.
5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. júní 1984
á mánuði:

Í Reykjavíkurkjördæmi	3.400	krónur
Í Reykjaneskjördæmi	6.200	-
Í öðrum kjördæmum	10.300	-

Fleira ekki gert. Kjaradómi slitið.

Benedikt Blöndal
(sign)

Ólafur Nilsson
(sign)

Jón Finnsson
(sign)

Pétur Ingólfsson
(sign)

Jón G. Tómasson
(sign)